

Ed.

417. Nefndarálit

um frumv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Tillagan um veiting ríkisborgararjettar til handa hinum tveimur fyrstu mönnum, sem nefndir eru í frumvarpinu, er fram komin frá hæstv. stjórn. Þriðja manningnum, sem frumvarpið getur um, hefir háttv. Nd. bætt inn í frumvarpið. Að stjórnin hefir fram hjá honum gengið við samning frumvarpsins, virðist stafa af því, að nauðsynleg skjöl og skilríki hafi þá ekki verið í fullu lagi. En þegar kom til meðferðar frumvarpsins í Nd., var búið að bæta úr þessum ágöllum. Neðri deild hefir því bætt þessum eina manni við þá tvo, sem stóðu í hinu upphaflega frumvarpi. Og þar sem nefndin getur ekki sjeð neitt, er stríði á móti þessari viðbót, leggur hún til, að háttv. deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Eggert Pálsson,
fundaskr. og frsm.

Guðm. Ólafsson.